

Tæknistjóri
Fjallabyggð
Gránugötu 24
580 Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1.júní 2017
UST201704-119/K.S.J.
10.04.03

Efni: Fjallabyggð, tillaga að deiliskipulagi á Þormóðseyri á Siglufirði.

Vísað er til erindis tæknifulltrúa Fjallabyggðar er barst 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðis við Tjarnargötu á Þormóðseyri, Fjallabyggð.

Skipulagssvæðið


Í greinargerð kemur fram að svæðið er alls 6149 m² að flatarmáli og er á landfyllingu er bætt var við strandlínu Þormóðaeyrar sumarið 2016. Einnig kemur fram í greinargerð að landnotkun á svæðinu er áætluð athafnasvæði, að undanskildum nýjum sjóvarnargarði sem verður skilgreindur sem hafnarsvæði.


Umhverfisskýrsla

Í umhverfisskýrslu kemur fram að landfylling allt að 5 ha sé framkvæmd sem er tilkynningaskyld til sveitarstjórnar. Umhverfisstofnun bendir á að við dýpkunarframkvæmdir og varp dýpkunarefna var ekki farið að lögum þegar 15.000 m³ af grófu efni var nýtt til landfyllinga og 65.000 m³ af fínefni var losað í sjó við Siglunes. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda er óheimilt að varpa dýpkunarefni í hafið. Í 9. gr. laganna kemur þó fram að Umhverfisstofnun geti veitt leyfi til að m.a. dýpkunarefnum sé varpað í hafið að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi hins uppfyllta svæðis við Bæjarbryggju.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur